

Viðauki A.2 - Kostnaðar og ábatagreining

Hér er leitast við að greina hversu langt hinn dæmigerði neytanda er tilbúinn að keyra með það að markmiði að forðast 5% eða 10% verðhækkun eldsneytis. Er það gert með því að bera saman ábatann, sem felst í því að komast hjá 5% eða 10% verðhækkun, við kostnaðinn sem felst í því að þurfa að eyða tíma og peningum í að keyra viðbótarvegalegd til þess að forðast hækkunina.

Kostnaðurinn sem neytandinn verður fyrir felst annars vegar í þeim viðbótarkostnaði sem fellur til við að keyra aukna vegalegd (s.s. eldsneytiskostnaði, viðhaldi, sliti á dekkjum, rýrnun og svo frv.) og svo hins vegar í auknum tíma sem fer í að keyra vegalegdina. Hér er sú leið farin að gera ráð fyrir því að fórnarkostnaður viðkomandi sé jafn tímakaupi hans í vinnu að teknu tilliti til lífeyrissjóðsiðgjalda, skatta og annarra opinberra gjalda sem dragast frá útborguðum launum viðkomandi.

Forsendur kostnaðar- og ábatagreiningarinnar eru eftirtaldar:

- Neytandinn hefur meðallaun skv. Hagstofu Íslands á árinu 2013 uppreiknuð til október 2014 (586.025 kr. á mánuði) og fjöldi vinnustunda er miðaður við meðal fjölda vinnustunda sama árs (43,1 á viku).
- Rekstarkostnaður bifreiðar miðast við útreikninga FÍB fyrir nýjan fólksbíl í janúar 2014. Gert er ráð fyrir að bíllinn kosti 3,7 milljónir og sé ekið 15 þúsund kílómetrum á ári. Sá viðbótarkostnaður sem leggst á eigandann vegna viðbótaraksturs er bensín, viðhald og viðgerðir, slit á hjólbörðum, þrif og verðrýrnun.¹⁹ Upphæðir eru færðar til verðlags októbers 2014 með vísitölu neysluverðs.
- Gert er ráð fyrir að eldsneytisverðið 230 krónur á lítrann en í október árið 2014 var verðið 230-235 krónur lítrann.
- Til þess að meta þann tíma sem það tekur að keyra ákveðna vegalegd er miðað við að meðalhraði sé 42 km/klst en á háannatíma má gera ráð fyrir að umferðarhraðinn sé allt að helmingi lægri. Miðað er við að umferðarhraði í dreifbýli sé um 80 km/klst.²⁰
- Að lokum er gert ráð fyrir að viðkomandi sé á bíl sem að eyðir 9 lítrum á hverja 100 kílómetra og að hver áfylling nemi 40 lítrum.²¹

Niðurstöðurnar eru dregnar saman í töflu 1. Miðað við 5% (10%) hækkun eldsneytisverðs (annar dálkur frá hægri) væri sparnaður neytandans vegna lægra eldsneytisverðs 460 kr. (920 kr.) við það að fara á eldsneytisstöðina sem ekki hækkar verð. Fórnarkostnaðurinn vegna aukins aksturs er um 96 kr. á hvern kílómetra sem ekinn er, þar af um 46 kr. vegna eldsneytis, slits á dekkjum, viðhalds o.s.frv. og um 50 kr. vegna þess tíma sem fer í að aka hvern kílómetra. Það myndi því borga sig fyrir hann að keyra allt að 4,8 (9,6) kílómetra aukalega til þess að forðast 5% (10%) hækkun eldsneytisverðs. Sú vegalegd er kölluð jafngildisvegalegd þar sem sparnaðurinn er jafn mikill og fórnarkostnaður neytandans og hann því jafn vel settur óháð því hvorn kostinn hann velur. Í töflu 1 má einnig sjá niðurstöðurnar miðað við aðra aksturstíma auk þess sem jafnframt er áætlað í hversu langan tíma neytandinn væri tilbúinn

¹⁹ FÍB „Rekstrarkostnaður bifreiða – janúar 2014“ (2014) <http://issuu.com/fib.is/docs/rekstrarkostnadur_januar_2014_nyr_b> skoðað 7. september 2015.

²⁰ Dr. Bjarni Reynarsson „Ferðavenjur Veturinn 2007-2008“ (2008) <[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ferðavenjur2007-2008/\\$file/Fer%C3%B0avenjur%20C3%8Dslendinga,%20vetur%202007-2008.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ferðavenjur2007-2008/$file/Fer%C3%B0avenjur%20C3%8Dslendinga,%20vetur%202007-2008.pdf)> skoðað 7. september 2015.

²¹ Ekki er tekið tillit til mismunandi bensíneyðslu vegna mismunandi meðalhraða eða umferðapunga.

að keyra til þess að forðast 5% eða 10% verðhækkun. Miðað við þær forsendur sem stuðst er við væri hann tilbúinn að keyra í allt að 7 mínútur til þess að forðast 5% hækkun og allt að 14 mínútur til þess að forðast 10% hækkun.

Tafla A.2.1 Kostnaðar og ábatagreining²²

Hraði (km/klst)	Verðhækkun			Verðhækkun		
	10%			5%		
	20	42	80	20	42	80
Sparnaður v/ eldsneytis	920 kr.	920 kr.	920 kr.	460 kr.	460 kr.	460 kr.
Fórarkostnaður (kr. / km)	151 kr.	96 kr.	73 kr.	151 kr.	96 kr.	73 kr.
Vegna tíma	105 kr.	50 kr.	26 kr.	105 kr.	50 kr.	26 kr.
Vegna aksturs	46 kr.	46 kr.	46 kr.	46 kr.	46 kr.	46 kr.
Fórarkostnaður (kr. / mín)	50 kr.	67 kr.	97 kr.	50 kr.	67 kr.	97 kr.
Vegna tíma	35 kr.	35 kr.	35 kr.	35 kr.	35 kr.	35 kr.
Vegna aksturs	15 kr.	32 kr.	62 kr.	15 kr.	32 kr.	62 kr.
Jafngildisvegalengd (km.)	6,1	9,6	12,8	3,1	4,8	6,4
Jafngildisakstur tími (mín)	18	14	10	9	7	5

Fyrir neytendur sem uppfylla ekki ofangreindar forsendur geta niðurstöðurnar verið aðrar. Sparnaðurinn er meiri eftir því sem verðhækkunin er meiri eða eldsneytistankurinn stærri og því getur í þeim tilfellum skilað meiri ábata en kostnaði að keyra lengra til að forðast verðhækkun. Í þeim tilfellum þar sem bíllinn eyðir meira eldsneyti eða ef neytandinn er tekjuhærri er jafngildisvegalengdin hins vegar styttri.

²² Vegna afrúnunar getur í sumum tilvikum virst að samlagning sé röng.

